


Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Leikskólinn Sólstafir Marargötu

2018-2019




Foreldraráð leikskólans skipa:
Íris Ann Sigurðardóttir
Judith Amalía Jóhannsdóttir

Efnisyfirlit

Hlutverk leikskólans	3
Stutt greinargerð staðgengils leikskólastjóra um starfið á síðasta ári	4
Innra mat í leikskólanum	7
Stutt greinargerð deildarstjóra elstu deildar	7
Stutt greinargerð deildarstjóra mið deildar	9
Stutt greinargerð deildarstjóra yngstu deildar	12
Ytra mat	14
Fræðsla fyrir alla starfsmenn	16
Hautdagskrá 2018/2019	19

Hlutverk leikskólans



Waldorfleikskólinn Sólstafir starfar eftir uppeldis- og kennslufræðum Rudolfs Steiners, sem Waldorf-fræðin eru byggð á. Allt skólastarfið einkennist af sterkri hrynjandi sem fylgir árstíðahringnum okkar (sjá mynd hér að ofan). Segja má að hann sé okkar eiginlega skólanámsskrá. Hátíðir spila stóran þátt í starfinu hjá okkur. Hver árstíð hverfist um ákveðna hátíð, verk, sögur og söngva. Hver vikudagur hefur ákveðin verk og mat. Það er gott að starfa eftir þessari sterku hrynjandi, endurtekningin veitir börnunum öryggi og þau vita alltaf hvernig dagurinn er uppbyggður.

Grunnþættir Waldorf-uppeldisstefnunnar eru: Sterk hrynjandi, frjáls leikur, virkjun ímyndunarafslisins, sköpun og gott fordæmi fullorðinna. Unnið er með náttúrulegan opinn efnivið í því skyni að virkja sköpunarkraft barnanna í leik og starfi. Í leikskólanum er komið fram við barnið af virðingu og lagður grunnur að góðri félagsfærni. Skapaðar eru aðstæður til þess að barnið fái að vaxa og það geti notið sín í leik og starfi í hlýju og kærleiksríku umhverfi. Við lítum svo á að foreldrar séu mikilvægur þáttur í góðu og farsælu leikskólastarfi og leggjum rækt við það.

Stutt greinargerð staðgengils leikskólastjóra um starfið á síðasta ári

Skólaárið 2017-2018 var tími töluverðra breytinga í starfsmannamálum á Sólstöfum Marargötu. Eftir sumarfrí í ágúst hófu fjórir nýir starfsmenn störf, þrír á elstu deildinni og einn í eldhúsi. Í september hóf þýskur waldorfkennari störf á elstu deildinni. Af þessum fimm starfsmönnum voru einungis tveir sem höfðu áður starfað með börnum. Töluvert var um veikindi hjá starfsfólki fram að áramótum sem varð þess valdandi að álag á deildum jókst. Aðeins þurfti þó einu sinni að senda helming barna heim af elstu deildinni vegna veikinda starfsfólks. Nokkrum sinnum þurfti þó að grípa til þess ráðs að biðja þá foreldra sem mögulega gætu að sækja börn sín fyrr. Var það gert til að létta álagi af þeim starfsmönnum sem voru við vinnu og höfðu unnið í matartímanum sínum. Alltaf brugðust foreldrar vel við og sýndu skilning á stöðunni.

Um áramótin létu allir fjórir starfsmennirnir af störfum sem höfðu byrjað í ágúst. Gáfu þeir upp þá ástæðu fyrir uppsögninni að þeim þætti álagið of mikið. Fjórir nýir starfsmenn hófu störf eftir áramót. Tveir þeirra höfðu töluverða reynslu af því að starfa með börnum og eru þeir enn hjá okkur. Þeir sem höfðu ekki áður starfað með börnum hafa látið af störfum.



Sólstafir eru svo lánsamir að búa yfir sterkum og kraftmiklum kjarna. Þrátt fyrir þessar tíðu mannabreytingar hefur starfið hjá okkur gengið vel. Flæðið hefur haldið og allar hátíðir verið haldnar. Mikið og skemmtilegt foreldrasamstarf er í leikskólanum. Búið er að taka til hendinni á öllum deildum, flokka leikföng, kaupa ný, mála, breyta og setja upp ný gluggatjöld svo fátt eitt sé nefnt. Starfsfólk leikskólans hefur átt frumkvæðið að öllu þessu

starfi. Starfsmenn hafa verið tilbúnir að leggja á sig aukavinnu til að fegra og bæta umhverfið, sem hefur bein áhrif á vellíðan allra á leikskólanum.

Eftir áramót var unnið markvisst með þeim börnum sem hefja skólagöngu nú í haust. Unnið var með margvísleg hráefni s.s. ull, vatnsliti, bývax o.fl. Oftast var unnið út frá þeim sjálfum eða árstíðabundinni sögu. Afrakstri vinnunnar var safnað saman í ferlimöppu sem börnin fá þegar þau útskrifast úr leikskólanum.



Alla miðvikudaga frá páskum hefur verið farið með strætisvagni með börn sem fædd eru 2012-2013 upp í Öskjuhlíð í skóginn, og dvalið þar ýmist fram að hádegi eða allan daginn. Fer það eftir veðri hversu lengi er verið í skóginum. Unnin eru margvísleg fræðandi og skemmtileg verkefni. Börnin læra á skóginn og dýralífið, tálga, klifra í trjám og margt fleira. Hafa þessar skógarferðir sýnilega haft mjög jákvæð áhrif á félagstengsl barnanna. Foreldrar eru yfir sig ánægðir með þessar ferðir.



Leikskólastjóri lét af störfum 1. febrúar. Var þá stjórnskipulaginu breytt. Fjórir reynslumiklir kennarar sem höfðu starfað um árabíl í leikskólanum voru settir deildastjórar yfir hverja deild. Hver og einn deildarstjóri sér um og ber ábyrgð á ákveðnum þáttum sem snúa að starfinu s.s. samskiptum við foreldra, móttöku og skráningu nýrra barna, umsýslu, viðhald og

fleira. Deildarstjórar halda fundi einu sinni í viku og fara yfir málin. Hefur þetta fyrirkomulag reynst nokkuð vel. Leikskólastjórinn er staðsettur á Sólstöfum í Sóltúni.

Á þessum rúmum fjórum mánuðum síðan stjórnun leikskólans var breytt hafa deildarstjórar verið að máta sig inn í starfið. Mestur kraftur hefur farið í starfsmannamálin, þjálfun nýrra starfsmanna og ýmsar breytingar innanhúss. Allir starfsmenn hafa lagt mikinn metnað í að láta starfið með börnunum ganga fyrir öllu. Frá því um miðjan febrúar hefur hver deild gert eigin umbótaáætlun sem unnið er út frá.

Þrjár deildir eru á leikskólanum:

- Á yngstu deildinni eru tólf börn á aldrinum átján mánaða til tveggja ára.
- Á miðdeildinni eru tólf börn á aldrinum tveggja til þriggja ára.
- Á elstu deildinni eru tuttugu og fjörgur börn á aldrinum þriggja til fimm ára.
- Á leikskólanum er fjölbreyttur hópur barna af ýmsum þjóðernum.
- Ellefu börn eru tvítyngd.
- Foreldrar tveggja barna eru bæði erlend.
- Níu börn eiga annað foreldri íslenskt og hitt erlent.

Starfsmannahópurinn:

- Á yngstu deildinni starfa þrír starfsmenn: Einn leikskólakennari, einn grunnskólakennari og einn leiðbeinandi.
- Á miðdeild starfa þrír til fjórir starfsmenn: Einn leikskólakennari, tveir leiðbeinendur og einn starfsmaður sem kemur tvo tíma á dag eftir hádegi.
- Á elstu deildinni starfa fimm starfsmenn: Einn waldorfuppeldisfræðingur, einn grunnskólakennari, tveir fagmenntaðir starfsmenn og einn leiðbeinandi.
- Í eldhúsi starfar einn starfsmaður.

Þrír karlmenn (voru fjórir þar til 1. júní) og tíu konur starfa á leikskólanum.

Starfsmannafundir eru haldnir á þriggja vikna fresti klukkan 17:00-19:00. Byrjað er á sameiginlegum fundi sem stendur í eina og hálf klukkustund. Eftir hann er hver deild með deildarfund.

Innra mat í leikskólanum

Eins og áður hefur komið fram hafa verið miklar breytingar á leikskólanum. Leikskólastjóri lét af störfum og fjórir nýir deildarstjórar tóku við í lok febrúar. Af þessum fjórum starfsmönnum hafði aðeins einn starfað áður sem deildarstjóri. Margt var nýtt fyrir þeim í starfinu og ýmislegt sem þurfti að takast á við.

Deildarstjórnir skipta með sér verkum. Einn sér um umsóknir nýrra barna, móttöku og kynningu nýrra foreldra á leikskólanum, annar sér um samskipti við foreldra, s.s. skrifa fréttabréf og senda út tilkynningar, sá þriðji sér um umsýslu og daglegan rekstur. Deildastjórar halda samráðsfund einu sinni í viku. Þeim fundum er farið yfir vikuna og lagðar línur fyrir komandi viku. Fljótlega eftir að við fórum að vinna eftir nýju skipulagi fór hver deildarstjóri ásamt starfsfólki deildarinnar að gera eigin umbótaáætlun fyrir sína deild. Allir starfsmenn voru sammála um að best væri að byrja umbætur á húsnæðinu, að fegra, flokka og endurnýja leikföng og fleira. Töluverð vinna hefur bæst við okkur öll vegna starfsmannaveltunnar á leikskólanum. Við höfum skoðað hvað betur mætti fara í starfsumhverfinu og hvernig hægt sé að minnka álag á starfsfólki. Þessi vinna er enn í gangi.

Stutt greinargerð deildarstjóra elstu deildar

Árið hjá okkur á elstu deildinni er búið að vera viðburðaríkt. Í haust lentum við, eins og flestir leikskólar á höfuðborgarsvæðinu, í manneklu og bitnaði það því miður á leikskólastarfinu. Reynt var þó að leggja mikla áherslu á því að halda stífum ramma fyrir hvern dag til að skapa öryggi hjá nýju starfsfólki og börnunum. Hvert skref í daglegu dagskránni var skrifað niður og deildarstjórinn tók nýtt starfsfólk í stífa þjálfun.

Það byrjuðu einnig mörg ný börn á deildinni. Nokkur hegðunarvandamál komu upp en með aðstoð þjónustumiðstöðvarinnar Vesturgarðs var unnið vel úr þeim vanda.

Það var líka margt jákvætt hjá okkur í vetur, meðal þess var að við fengum reyndan Waldorfuppeldisfræðing frá Þýskalandi til liðs við okkur. Hann veitti okkur mikinn innblástur og lærdum við mikið af honum. Vinna með elstu börnunum var eflað til muna eftir áramót. Hvert og eitt barn útbjó vinnubók sem unnið var reglulega að. Börnin teiknuðu myndir sem tengdust sögustundum okkar, lærðu að skrifa tölur og bókstafi. Einnig teiknuðu þau

sjálfsmýndir, fjölskylduna, húsið sitt og fleira skemmtilegt. Annað skemmtilegt verkefni meðal barnanna var að læra puttaprjón.

Eftir páska voru vikulegar skógarferðir með elstu og næstelstu börnunum. Mikið var unnið út frá náttúrunni og eins voru fín- og grófhreyfingar æfðar. Börnin fengu mörg skemmtileg verkefni. Þau lærðu að tálga og klifra í trjám. Einnig lærðu þau að búa til kransa úr blómunum. Börnin virkilega nutu sín í skóginum, fengu að hreyfa sig mikið og tengjast náttúrunni. Á virkilega góðum skógardögum var grillað í hádeginu og pinnabrauð búið til.

Að öðru leyti hefur vikuprógrammið okkar verið með þessum hætti:

- Á mánudögum er málað.
- Á þriðjudögum er leirað og bakað brauð.
- Á miðvikudögum hafa leikföngin verið þrífín og farið í vettvangsferðir.
- Á fimmtudögum er fönðrað með bývaxi eða trölladeigi.
- Á föstudögum er búið til pizza og leikskólinn þrífín.

Í gegnum árið eru margir fastir viðburðir, meðal annars; berjaferð í september, drekahátíðin í Öskjuhlíð, uppskeruhátíð, luktarganga, aðventuhátíð, jólahátíð fyrir áramót. Eftir áramót höfum við síðan fagnað þorra með þorrablóti, haldið grímuball, boðið foreldrum í páskamorgunverð og farið í sveitaferð svo eitthvað sé nefnt.

Við höfum verið dugleg að fara með börnin á söfn. Má þar nefna Hvalasafnið, Sjóminjasafnið, Landnámssýninguna og Þjóðminjasafnið. Mánaðarlega förum við á bókasafnið og tökum bækur að láni. Börnin hafa mjög gaman að því að fara þangað að lesa.

Í lok júní verður hin árlega leiksýning þeirra barna sem eru að útskrifast. Í ár verður það leikritið *Brimborgarsöngvararnir*. Krakkarnir hafa sjálf séð um að útfæra búningana og æft stíft í hálfan mánuð.

Í heildina erum við ánægð með árið, haustið var erfitt en lærdómsríkt. Við vonumst til að starfið haldist áfram öflugt líkt og það hefur verið eftir áramót.



Stutt geinargerð deildarstjóra miðdeildar

Dagsskipulag á miðdeild.

Kl. 8.00 – 9.00: Tekið á móti börnunum

Kl. 8.30 – 9.15: Morgunhressing

Morgunhringur kl. 9.15

Börnin setjast í hring og byrja alltaf að syngja sama lagið. Við syngjum nokkur lög saman sem tengjast árstíðinni, líkamanum og barninu sjálfu. Síðan ræðum við um hvað við ætlum að gera þann daginn. Tölum um hrynjanda dagsins sem er alltaf eins og veitir börnunum öryggi. Tölum um veðrið og hvernig við klæðum okkur þegar við förum út.

Mánudagur – vinnustund

Málað og unnið er með sérstakan vatnslitapappír. Á meðan þrjú til fjögur börn mála er hinum börnunum skipt niður í hópa, þau velja sér hvað þau vilja gera í frjálsum leik. Börnin að mála síðan þegar röðin kemur að þeim.

Frjáls leikur: Börnunum gefst tækifæri til að velja sjálf það sem þau langar til að gera. Frjáls leikur er mikilvægur í námi og þroskaferli barna. Þeim gefst tækifæri til að skapa sinn eigin hugarheim, setja sér sínar eigin reglur og vinna úr vandamálum. Í frjálsum leik læra börnin

m.a. tillitsemi, umburðarlyndi, samskiptahæfni, félagsfærni, samvinnu og að virða rétt annara svo fátt eitt sé nefnt.

Markmið með vinnustund er að:

- börnin njóti þess að vinna með öðrum.
- auka samskiptahæfni og félagsfærni.
- efla rökhugsun, tjáningu og samvinnu.
- öðlast jákvæða sjálfsmynd.

Þema vinnustundarinnar er byggt á árstíðahringnum. Saga er sögð eða lesin, sett er upp brúðuleikrit. Í bland við þetta þema er leitast við að örva félagsfærni og beitingu tungumálsins. Þegar frjálsi leikurinn er búinn taka börn og fullorðnir saman dótið og syngjum við þá: „Allir að taka saman, saman alveg eins og ég.“

Þriðjudagur og miðvikudagur – vinnustund

Börnin velja annað hvort að vera úti eða þrifa leikföngin innandyra. Þar læra börnin að taka þátt í vinnu fullorðna, fegra umhverfi sitt og bera virðingu fyrir dótinu sínu.

Útivera: Lögð er áhersla á útiveru. Hún hefur áhrif á líkamlegan og andlegan þroska barna og eflir vellíðan og hreysti þeirra. Börnin æfa sig að klæða sig sjálf í og úr útifötunum. Það eykur sjálftraust þeirra og sjálfstæði.

Oft förum við í göngutúra til þess að börnin læri að þekkja umhverfið í kringum sig. Útiveran er ríkur þáttur í skólastarfinu. Við förum tvisvar á dag út, hvernig sem viðrar. Útileikvöllurinn okkar er frábrugðinn öðrum leikskólaleikvöllum að því leyti að hjá okkur er eingöngu efniviður til þess að byggja, skóflur og fötur, leiktæki til að halda jafnvægi og ná valdi á fín- og grófhreyfingum.

Fimmtudagur – vinnustund

Börnin leira úr trölladeigi. Þar fá frjálsi leikurinn og sköpunargáfan að njóta sín. Barnið býr til sinn eigin hugarheim og vinnur úr því sem það upplifir dags daglega.

Föstudagur – vinnustund

Börnin fá klút og þrifa umhverfi sitt. Þau læra að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og leikföngum og fegra umhverfi sitt.

Kl. 11.00- 11.30 WC og bleyjuskipti / Samvera – Sögustund. Markmiðið er að upplýsa börnin og þjálfar þau í að hlusta með því að segja sögu með frjálsri aðferð eða lesa sögu úr bók. Bækur og sögur auka orðaforða barnanna og miðla fróðleik og reynslu. Á miðdeild er passað upp á að segja sögur um þau efni sem börnunum eru hugleikin og hæfa skilningsþroska þeirra. Ég les mikið félagsfærnisögur og segi sögur og syng söngva um barnið sjálft, líkamann og breytingar í náttúrunni tengdar árstíðum eða hátíðum. Sögurnar sem lesnar eru fyrir hvern mánuð eru samkvæmt stefnu Rudolf Steiner.

Hádegismatur

Hvert og eitt barn á sitt sæti við matarborðið. Áður en við byrjum að borða tengjum við með því að leiðast og syngjum: „Þú sólargeisli.“ Börnin skammta sér sjálf á diskinn það sem þau vilja borða. Endum við svo matartímann á söng, tökumst í hendur þannig að hringur myndist við matarborðið og segjum: „Takk fyrir mig. Maturinn var góður.“

Lögð er áhersla á hollan og næringarríkan mat. Það er alltaf sami matur á hverjum vikudegi.

- Mánudagar: Linsubaunir/bygg og kartöflur, sósa.
- Þriðjudagar: Heimagerð súpa og heimabakað brauð.
- Miðvikudagar: Pasta, pastasósa, ostur og vegan ostur
- Fimmtudagar: Grautur
- Föstudagar: Heimagerð pizza

Hvild er í sérherbergi, hvert barn hefur eigin dýnu, sæng, teppi og tuskudýr. Sungnar eru nokkrar vöggvísur. Einn starfsmaður er með börnunum á meðan þau sofa til að auka vellíðan og öryggi þeirra. Oftast eru börnin vöknuð á milli kl. 13.15-13.30. Börnin fara þá fram og skoða bækur og leika sér með dót.

Kl. 13.45: Söngstund/Sögustund. Sagðar eru sögur, farið í hina ýmsu leiki t.d.: „Hver er undir teppinu.“

Kl. 14.15: Síðdegishressing.

Kl. 15.00: Frjáls leikur/útivera. Börnin á miðdeild eru flest sótt kl. 15.30 – 16.00 þess vegna förum við snemma út.

Aðalvinnutími barnanna í leikskólanum er frá kl. 9.00-14.00. Leikskólinn lokar kl. 17.00.

Leikskólastarfið mótast að ákveðinni hrynjandi í gegnum daginn, vikuna og árstíðirnar. Í hlýju og kærleiksríku umhverfi er lagður grunnur að góðum mannlegum samskiptum og börnin njóta þeirrar virðingar sem þau eiga rétt á. Lögð er mikil áhersla á tengsl milli heimila og leikskóla. Með góðri samvinnu veitum við börnum okkar meira öryggi og betra atlæti.



Stutt greinargerð deildarstjóra yngstu deildar

Á yngstu deildinni eru börn á aldrinum frá átján mánaða til tveggja ára.

Haust

Við upphafi leikskólagöngunnar er lagður hornsteinn að samstarfi foreldra og barna. Foreldrar eru hvattir til þátttöku í leikskólstarfinu, enda byggist Waldorfstefnan meðal annars á þátttöku þeirra.

Tíðustu samskiptin fara fram þegar foreldrar koma með börnin sín í leikskólann að morgni og sækja í lok dags. Mikilvægt finnst okkur að sá tími sé nýttur í dagleg samskipti. Góð aðlögun er gulli betri. Að foreldrar geti farið frá barninu sínu og verið áhyggjulaus í vinnunni, geti treyst starfsfólki og borið virðingu fyrir starfinu og gagnkvæmt.

Síðastliðið haust voru nokkur börn og foreldrar sem þurftu þrjá mánuði í aðlögun á meðan aðrir þurftu viku. Nokkur börnin grétu í á þriðja mánuð sem gerði starfið ekki auðvelt fyrir okkur.

Í útiverunni fengum við aðstoð frá hinum deildunum. Í hvíldar- og svefnstundinni þurftu að vera þrír starfsmenn en ekki einn eins og áður að svæfa börnin.

Við stungum upp á því við foreldra að þeir myndu sækja börnin sín fyrir á daginn á meðan á þessu stæði enda eru börnin mjög ung. Ekki gátu allir brugðist við því, þar sem flestir vinna í átta klukkustundir.

Mitt í þessu ástandi fengum við svo barn yngra en 1 árs gamalt en enga aukamanneskju með.

Vetur

Oft töfðust vinnustundir með börnum sökum þessa. Oft þurftum við að „lána“ þriðju manneskjuna upp á aðrar deildir (erum þrjár með 12 börn) vegna veikinda starfsfólks. Við reyndum samt alltaf að gera það eins oft og við gátum.

Við lögðum meiri áherslu á hreyfingu með börnunum. Ákveðið var að bíða með leirinn fram á vetur því börnin voru ung og allt fór í munninn. Auðvitað fengu þau að smakka, snerta og skapa úr leirnum en frekari vinnu með leir var frestað.

Í vetur vorum við með fimm eldri börn og sjö mun yngri. Foreldrar eldri barnanna voru mjög óánægðir með það og vildu að börnin sín færu upp á miðdeild.

Úrbætur:

Tókum eldri hópinn afsíðis. Ég nýtti aðstöðuna fyrir hreyfinguna, sem við höfum og efldi málþroskann í leiðinni með hugtökum, enda aukin hreyfigeta hjá þeim.

Fór með börnin inn á skriftstofu og sagði sögur, skoðaði bækur, þau fengu að tjá sig eftir frásögnina, smám saman lærðu þau ný orð, ný hugtök, málvitund að myndast og góð tengsl sköpuðust.

Ég útskýrði fyrir foreldrum hvaða vinna væri í gangi. Foreldrar voru enn mjög óánægðir og einblíndu bara á aðra deild með jafnöldrum og eða eldri börnum. Vildu ekki hafa sín börn elst á deild með yngri börnum þar sem meiri partur fer í kærleik, umönnun og söng (allir samt með bleyju).

Vor

Ég hélt áfram með vorinu með hópinn, þrátt fyrir óánægju foreldra alveg þangað til við gátum farið að vera meira úti, bæði fyrir og eftir hádegi.

Unnið var að ýmsum umbótum fyrir deildina: málað, þrifið, breytt og bætt. Starfsmenn fengu tveggja daga frí fyrir vinnuna. Allir sátir og ánægðir.

Óskað er eftir nýju teppi á gólfu og nýjum dýnum fyrir börn og starfsfólk til að liggja á í hvíldinni. Vonumst við til að fá það í ágúst.

Ytra mat

Skólaeiningar Sólstafa eru þrjár. Tveir leikskólar, annar í Sóltúni 6 og hinn Marargötu 6 og grunnskóli sem staðsettur er í Sóltúni 6.

Samráðsfundir leikskólanna eru haldnir tvisvar í mánuði. Á samráðsfundunum eru teknar ákvarðanir um sameiginleg mál skólanna. Stjórnendur leikskólanna, tveir deildarstjórnar á Marargötu og leikskólastjóri funda með stjórn skólans á tveggja vikna fresti. Farið er yfir þau mál sem liggja fyrir, atburðir og starfshættir eru endurmetnir. Starfsmannafundir leikskólans eru á þriggja vikna fresti. Á þeim er farið m.a. yfir daglegt starf og viðburði og það endurmetið. Skipulag og endurmat nær til allra þátta leikskólastarfsins.

Þeir aðilar sem einnig taka þátt í ytra matinu eru Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkurborgar, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, Vinnueftirlit ríkisins og Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða.

Heilbrigðiseftirlitið gerði úttekt á Marargötu. Gera þarf úrbætur í almennu viðhaldi. Verður farið í endurbætur í júlí og ágúst þegar leikskólinn verður í sumarfríi. Eldhúsið verður málað, gluggar lagfærðir, drenað í kringum húsið og fleira.

Vinnueftirlitið fór fram á að gert væri nýtt áhættumat fyrir leikskólana. Unnið er að því og á það að vera tilbúið snemma í haust.

Slökkviliðið gerði úttekt án athugasemda.

Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári

Á Sólstöfum er unnið með tungumálið á fjölbreyttan hátt í gegnum sögur, ljóð, rím, söngtexta, leik og samræður. Ávallt er unnið með sama textann í sögum og söng í eina til tvær vikur. Valin eru fjögur til fimm lög sem sungin eru daglega í morgunhring og einnig í söngstund fyrir hádegismatinn. Fer það eftir aldri barnanna og hversu krefjandi textinn er hve lengi er unnið með hann.

Á elstu deildinni byrja allir dagar á morgunhring. Hann byrjar alla daga á sama tíma og flæði hans er alltaf það sama. Fyrst er sungið vers bæði á íslensku og ensku. Börnin telja hversu margir eru mættir, sungin full nöfn barna og starfsfólks sem eru í hringnum. Lög vikunnar sem tengjast ávallt viðkomandi árstíð eru sungin og farið með morgunvers.

Eftir hádegismat er sögustund. Sagan tengist einnig viðkomandi árstíð. Börnunum er skipt niður í tvo aldurskipta hópa. Mest er unnið með þjóðsögur og ævintýri. Kennarar segja börnunum söguna og nota leikbrúður sér til stuðnings. Fer það eftir aldri barnanna hversu ríkulegur orðaforði er notaður. Börnin okkar eru áhugasöm um merkingu orða og spyrja töluvert út í hana. Í lok vikunnar þegar börnin hafa lært söguna er ýmist sett upp leikrit eða þau eru sögumenn. Nota börnin þá iðulega þann orðaforða sem sagan byggir á. Endurtekningin eflir orðaforða barnanna og ýtir undir málþroska.

Í þeim tilfellum sem kennarar hafa haft áhyggjur af málþroska barna hefur verið haft samband við Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða og leitað ráða hjá þeim. Málþroskaprófanir hafa ekki farið fram á þeim tveimur börnum sem við höfum haft áhyggjur af, þar sem foreldrar vildu ekki þiggja þjónustuna. Kennarar hafa unnið markvisst með þau börn, ýmist einslega eða í hóp. Notast kennarar t.d. við spil sem byggja á eflingu orðaforða, lestur, samræður og leiðbeiningar í frjálsum leik.

Leikskólinn hefur einnig leitað til Þjónustumiðstöðvar vegna hegðunarfrávika nemenda. Við eigum í mjög góðri samvinnu við þá vegna þess.

Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku

Eins og fram kemur í greinagerð sérkennslustjóra er unnið með tungumálið á fjölbreyttan hátt. Mikið er um endurtekningar, þar sem ávallt er unnið sem sömu textana í sögum og söng í eina til tvær vikur. Rætt er um innihald sögunnar við börnin og merkingu orða, hugtaka og setninga. Auk þess vinnum við með eflingu orðaforða í gegnum spil, yndislestur þar sem starfsmaður les fyrir barnið og samræður. Við höfum haft samband við Þjónustumiðstöð vegna tveggja barna sem við höfðum örlitlar áhyggjur af og hafa íslensku sem annað tungumál. Var okkur ráðlagt að sækja um talmeinafræðing, en á þessum tíma var ekki búið að ráða í þá stöðu hjá Þjónustumiðstöð. Við fengum þær góðu fréttir fyrir skömmu að búið væri að ráða í starfið. Munum við nýta okkur þá þjónustu þegar á þarf að halda.

Starfþróunarsamtöl og fræðsla

Eins og áður hefur komið fram í skýrslunni hafa verið miklar mannbreytingar hjá okkur sem hafa orðið þess valdandi að starfsþróunarsamtölin hafa verið seinna á ferðinni en undanfarin ár. Að þessu sinni voru þau haldin í annarri viku í júní.

Fræðsla fyrir alla starfsmenn

Desember

Dr. Pablo Jeczmién, antrópósófískur geðlæknir, hélt fyrirlestur í grunnskólanum Sólstöfum um þroskaferli barnsins út frá hugmyndafræði mannspekinnar. Fyrirlesturinn var bæði fyrir starfsmenn og foreldra.

Janúar

Barndom (Istj. Margreth Olin, 2017), norsk heimildarmynd um gildi leiks í uppeldisstarfi og það hvernig börn leika sér á sínum eigin forsendum. Í myndinni var m.a. fylgst með börnum að leik í þýskum Waldorfleiksskóla. Myndin var sýnd í Norræna húsinu.

Febrúar

Martin Haferkamp, þýskur Waldorf leikskólakennari sem starfaði á leikskólanum, var með fræðslukynningu á Waldorf útileiksskóla sem hann starfaði á í Þýskalandi.

Mars

Tomas Henckel Johansen, skólalæknir Sólstafa, hélt dagslangt námskeið á starfsdegi. Hann er cand. med. og hefur sérhæft sig í antrópósófískum lækningum. Tomas hefur unnið með Waldorfskólum sem ráðgjafi um árabíl. Nefndist fyrirlesturinn „Positive and negative influences on childhood in modern society – How can Waldorf pedagogic contribute to a deeper understanding of the "art" of growing up.“

Ekki hefur enn verið gerð áætlun um símenntun starfsmanna fyrir næsta skólaár. Mun hún verða unnin næsta haust. Ákvörðun símenntunar verður m.a. byggð á óskum starfsmanna og þörfum leikskólans.

Auk formlegrar fræðslu er mikil jafningafræðsla í leikskólanum og ávallt eru stutt fræðsluinnlegg á starfsmannafundum.

Foreldrasamvinna

Rík áhersla er lögð á virka og góða foreldrasamvinnu í leikskólanum. Starfið hjá okkur er m.a. byggt upp í kringum árstíðabundnar hátíðir, vinnu og undirbúning jólabasars, vinnudögum þar sem unnið er að fegrun leikskólans og fleiru. Þátttaka foreldra í öllum þessum uppákomum og störfum er mjög mikilvægur þáttur í starfi leikskólans. Við þessi tækifæri hittast foreldrar, börn og starfsmenn og kynnast, sem skilar sér á jákvæðan hátt inn í skólastarfið.

Tvisvar á ári er haldnir sameiginlegir foreldrafundir, að hausti og eftir áramót. Á haustfundinum er kosið í foreldrafélag og foreldraráð. Allir foreldrar eru í foreldrafélaginu. Í foreldraráðinu sitja tveir foreldrar. Á fundunum er stutt Waldorf-fræðsla, farið yfir hvað er á döfinni og almennt spjall.

Í fyrsta skipti á þessu ári voru foreldraviðtöl á öllum deildum, voru þau haldin í febrúar. Áður höfðu einungis verið viðtöl á elstu deildinni. Bæði starfsmenn og foreldrar voru ánægðir með það.

Foreldrar hafa ávallt greiðan aðgang að stjórnendum og kennurum skólans. Hvort sem er í spjall um hvernig dagurinn hefur gengið eða formleg viðtöl.

Fréttabréf er gefið út á tveggja mánaða fresti, þar kemur fram það helsta sem er á döfinni í leikskólanum. Fréttabréfið er sent á alla foreldra og starfsmenn í tölvupósti. Auk þess er virk Facebook-síða. Þar eru birtar myndir úr starfinu og jafnframt settar inn áriðandi tilkynningar.



Samstarf leik- og grunnskóla

Gott samstarf er á milli leik- og grunnskóla Sólstafa. Elstu nemendur leikskólans fara í skipulagðar heimsóknir í grunnskólann. Í þeim kynast þeir staðháttum í skólanum, sitja í kennslustund og vinna verkefni með 1. bekk. Sá kennari sem tekur við nemendum frá leikskólanum hefur samráð við leikskólakennarana um tilfærslu nemenda milli skólastiga. Leikskólinn er ekki í samstarfi við aðra grunnskóla í hverfinu, en nauðsynlegt væri að koma því á.

Nemendur grunn- og leikskólans hittast nokkrum sinnum yfir skólaárið. Má þar nefna Mikjálsmessu/dreka hátíðina sem fram fer í Öskjuhlíð að hausti þar sem nemendur vinna saman ýmis skemmtileg verkefni við undirbúning jólabasarsins, sveitaferð að vori og sumarhátíð Sólstafa.



Skipulagsdagar

Sameiginlegur skipulagsdagur Sólstafaskólanna verður þriðjudaginn 7. ágúst. Er það fyrsti dagur eftir sumarfrí. Starfsfólk mætir til vinnu kl. 9:00. Byrjað verður á sameiginlegum morgunverði og starfsmannafundi. Eftir hann fer starfsfólk hvert á sína deild og vinnur þar að ýmsum verkum sem snúa að deildinni fram að hádegi.

Eftir hádegishlé eru deildarfundir. Hver deild vinnur að innra skipulagi sinnar deildar s.s. farið verður yfir barnalistann, valdar sögur og söngvar.

Ef nýir starfsmenn hafa bæst í hópinn verður fræðsla fyrir þá.

Þriðjudaginn 23. október verður sameiginlegur skipulagsdagur haldinn í Sóltúni með öllum einingum Sólstafa.

Þar sem til stendur á næstu tveimur til þremur árum að allir skólarnir sameinist undir einu þaki í Sóltúni, verður farið í vinnu um framtíðarsýn stjórnenda skólanna. Verið er að vinna í að fá fræðslufyrirlestur sem tengist þeirri vinnu.

Haustdagskrá 2018/2019

Fimmtudaginn 06.09. Foreldrafundur kl. 18.00

September: Berjaferð á elstu deildinni.

Föstudagurinn 28.09. Mikjálsmessa – uppskeruhátíð á leikskólanum. Við bökum drekabrauð, eldum drekasúpu, tökum upp kartöflur. Mikjálssögustund og hauststemning.

Starfsdagur: 23.10. Leikskólinn er lokaður þennan dag.

Föndurkvöld fyrir jólamarkaðinn. Föndurkvöldin verða í Sóltúni 6

- Mánudaginn 10.09. kl. 18.00-20.00,
- Mánudaginn 17.09. kl. 18.00-20.00
- Þriðjudaginn 02.10. kl. 18.00-20.00
- Miðvikudaginn 17.10. kl. 18.00- 20.00
- Fimmtudaginn 26.10. kl. 18.00-20.00
- Laugardaginn 27.10. kl. 10.00-15.00

Foreldrar, börn og starfsfólk vinna saman fyrir jólamarkaðinn.

Laugardaginn 03.11: Jólamarkaður og kaffisala í Waldorfskólanum Sólstöfum, Sóltúni 6.

Mánudaginn 12.11: Martinsmessa/luktarganga : Við bökum brauð til að bjóða vegfarendum, svo verður Martinssögustund. Leikskólinn lokar kl. 16.00.

Fimmtudaginn 06.12. Nikulásarhátíð.

Föstudaginn 30.11 Kl. 9:00 – Aðventuhátíð fyrir foreldra og börn

Fimmtudaginn 20.12. Jólaball – Börnin skreyta jólatré, syngja svo og dansa í kringum það.

Jólafrí er frá 22.12.18 til 02.01.19

Starfsdagur 02.01.2019 Leikskólinn opnar aftur eftir jólafrí 03.01.2019

Janúar

- Elstu börnin okkar fara í heimsókn í Waldorfskólann í Sóltúni.

Febrúar

- *Fimmtudaginn 07.02. kl. 18.00 Foreldrafundur*
- *11.02.-22.02. Foreldraviðtöl á öllum deildum.*
- *Föstudaginn 08.02. Þorrahátíð í leikskólanum.*
Á matseðlinum er heimabakað rúgbrauð og flatkökur, skyr og söl.
Gaman er ef börnin koma klædd í sauðalitunum þennan dag.
- *Febrúar: Opið hús – Waldorfskólinn Sólstafir, Sóltúni 6*
- *Nánar auglýst síðar.*

Mars/april

- *04.03. Bolludagur. Boðið upp á bollur í síðdegishressingunni.*
- *05.03. Sprengidagur. Í hádeginu er boðið upp á baunasúpu.*
- *06.03. Öskudagur/ „Náttfatapartý“ á leikskólanum.*
- *Laugardaginn 16.03. Grímuball á leikskólanum kl. 11-13.*
- *Miðvikudaginn 17.04. Páskamorgunverður á leikskólanum fyrir foreldra og börn.*
Foreldrar beðnir um að leggja álegg á sameiginlegt hlaðborð.
Ath. Leikskólinn lokar kl. 16 þennan dag.
- *Páskafri 18.04.- 22.04. Leikskólinn opnar aftur þriðjudaginn 23.04.*
- *Fimmtudaginn 25.04. Sumardagurinn fyrsti. Leikskólinn er lokaður.*

Mai

- *Laugardaginn 04.05. Vinnudagur frá kl. 10-16*
Foreldrar og starfsfólk huga að leikskólanum, bæði innan- og utandyra.
- *Fimmtudaginn 10.05. Uppstigningardagur. Leikskólinn er lokaður.*
- *Sveitaferð í Miðdal í Kjós.*
Lagt af stað í rútu k.l. 9.30. Farið í fjöru og síðan grillað í Miðdal.
Komið heim um kl. 14.00. Mælst er til að ferðalangarnir séu sóttir snemma.
Yngstu börnin gera sér dagamun og fara í göngutúr og undirbúa sérstakan hádegismat. (Dagsetning ákveðin síðar)
- *Sumarhátíð Sólstafa í Waldorfskólanum, Sóltúni 6.*
Foreldrar, börn og starfsfólk skemmta sér saman. Hestaferðir, leikir, grill o.fl.
- *Föstudaginn 07.06. Hvítasunnuhátíð á leikskólanum. Allir mæta í hvítum fötum og borða hvítan mat.*
- *Mánudaginn 10.06. Annar í hvítasunnu. Leikskólinn er lokaður.*
- *17.06. Þjóðhátíðardagur. Leikskólinn er lokaður.*

Sumarfrí er á leikskólanum frá 01.07. til 08.08.2019
Leikskólinn opnar aftur þriðjudaginn. 09.08.2019

Leikskóladagatal 2018 - 2019

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 M	1 L	1 M	1 F Uppl. um skil á starfsáætlunum fer fyrir skóla- og fristundaráð, Fundur	1 L Fullveldisdagurinn	1 Þ Nýársdagur	1 F Dagur stærðfræðinnar	1 F	1 M	1 M Barnamenningarhátíð/Verka	1 L	1 M Skil á starfsáætlun
2 F	2 S	2 Þ Föndurkvöld	2 F	2 S	2 M Starfsdagur	2 L	2 L	2 Þ	2 F Barnamenningarhátíð	2 S Sjómanna dagurinn	2 Þ
3 F	3 M Heimsókn Slökkviliði 10.30	3 M	3 L Jólbasar	3 M	3 F	3 S	3 S	3 M	3 F Barnamenningarhátíð	3 M	3 M
4 L	4 Þ	4 F Fundur	4 S	4 Þ	4 F	4 M	4 M Bolludagur	4 F Fundur	4 L Barnamenningarhátíð	4 Þ	4 F
5 S	5 M	5 F	5 M	5 M	5 L	5 Þ	5 Þ Sprengidagur	5 F	5 S Barnamenningarhátíð	5 M	5 F
6 M Frídagur verslunarmanna	6 F Foreldrafundur 18.00	6 L	6 Þ	6 F St. Nikólasahátíð, Fundur	6 S Þrettándinn	6 M Dagur leikskólans	6 M Öskudagur	6 L	6 M	6 F	6 L
7 Þ Starfsdagur	7 F	7 S	7 M	7 F	7 M	7 F Foreldrarfundur 18.00	7 F Fundur	7 S	7 Þ	7 F Hvítasunnuhátíð	7 S
8 M	8 L Dagur læsis	8 M	8 F Baráttudagur gegn einelti	8 L	8 Þ	8 F Þorrahátíð	8 F	8 M	8 M	8 L	8 M
9 F Fundur	9 S	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 L	9 L	9 Þ	9 F Fundur	9 S Hvítasunnudagur	9 Þ
10 F	10 M Föndurkvöldið	10 M	10 L	10 M	10 F Fundur	10 S	10 S	10 M	10 F	10 M Annar í hvítasunnu	10 M
11 L	11 Þ	11 F	11 S	11 Þ	11 F	11 M	11 M	11 F	11 L	11 Þ	11 F
12 S	12 M Heimsókn í drekkaleik	12 F	12 M Luktarhátíð	12 M	12 L	12 Þ	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 F
13 M	13 F	13 L	13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 M	13 L	13 M Samráð leikskólastjóra	13 F Fundur	13 L
14 Þ	14 F	14 S	14 M	14 F	14 M	14 F	14 F	14 S Pálmasunnudagur	14 Þ	14 F	14 S
15 M	15 L	15 M	15 F	15 L	15 Þ	15 F	15 F	15 M	15 M	15 L	15 M
16 F	16 S Dagur íslenskrar náttúru	16 Þ	16 F Dagur íslenskrar tungu	16 S	16 M	16 L	16 L Grimuball	16 Þ	16 F ur	16 S	16 Þ
17 F	17 M Föndurkvöldið	17 M Föndurkvöld	17 L	17 M Samráð leikskólastjóra	17 F	17 S Konudagur	17 S	17 M Páskamorgunmatur	17 F	17 M Lýðveldisdagurinn	17 M
18 L	18 Þ	18 F	18 S	18 Þ	18 F	18 M	18 M	18 F Skírdagur	18 L	18 Þ Samráð leikskólastjóra	18 F
19 S	19 M	19 F	19 M Samráð leikskólastjóra	19 M	19 L	19 Þ	19 Þ	19 F Föstudagurinn langi	19 S	19 M	19 F
20 M Samráð leikskólastjóra	20 F Fundur	20 L	20 Þ Dagur mannréttinda barna	20 F Litlu Jól aðvent	20 S	20 M	20 M	20 L	20 M	20 F Leikskólastjórufundur	20 L
21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 F	21 M Samráð leikskólastjóra	21 F Alþjóðardagur móðurmálsins	21 F Fundur	21 S Páskadagur	21 Þ	21 F	21 S
22 M Skólasetning	22 L	22 M	22 F Leikskólastjórufundur, Fun	22 L	22 Þ	22 F Fundur 21.2.	22 F	22 M Annar í páskum	22 M	22 L	22 M
23 F Leikskólastjórufundur, Fundur	23 S	23 Þ Starfsdagur með skólanum	23 F	23 S Þorláksmessa	23 M	23 L	23 L	23 Þ	23 F Fundur	23 S	23 Þ
24 F	24 M Samráð leikskólastjóra	24 M	24 L	24 M Aðfangadagur jóla	24 F Leikskólastjórufundur, Fundur	24 S	24 S	24 M	24 F	24 M	24 M
25 L	25 Þ	25 F Fundur	25 S	25 Þ Jóladagur	25 rö Böndadagur	25 M Samráð leikskólastjóra	25 M Samráð leikskólastjóra	25 F Sumardagurinn fyrsti Umhverfisdagur	25 L	25 Þ	25 F
26 S	26 M Evrópski tungumáladagurinn	26 F Námskeiðsdagur leikstjóra	26 M	26 M Annar í jótum	26 L	26 Þ	26 Þ	26 F Fundur	26 S	26 M	26 F
27 M	27 F Leikskólastjórufundur	27 L Fyrsti vetrardagur Alþjóðlegi bangsadagurinn	27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 M	27 L	27 M	27 F Fundur	27 L
28 Þ	28 F Mikjálsmessan	28 S	28 M	28 F	28 M	28 F Leikskólastjórufundur	28 F Leikskólastjórufundur	28 S	28 Þ	28 F	28 S
29 M Berjaferð	29 L	29 M	29 F	29 L	29 Þ		29 F	29 M	29 M	29 L	29 M
30 F	30 S	30 Þ	30 F Aðventuhátíð	30 S	30 M		30 L	30 Þ Barnamenningarhátíð	30 F Uppstigningardagur	30 S	30 Þ
31 F		31 M		31 M Gamliársdagur	31 F Foreldrafundur		31 S		31 F		31 M

Umsögn foreldraráðs

Waldorf-stefnan er grunnurinn að starfi leikskólans Sólstafa á Marargötu. Viðhorf foreldra til stefnunnar og hvernig hún er útfærð á Sólstöfum Marargötu er almennt jákvætt ef marka má regluleg samtöl okkar við aðra foreldra síðustu 2-3 ár. Við teljum að starfsfólkið á Sólstöfum sé upp til hópa afar leikið í að velja það besta úr stefnunni og beita því í starfi sínu með börnunum. Þar sem stefnan endar tekur almenn skynsemi við og af henni eiga starfsmenn leikskólans nóg. Við nefnum sérstaklega hringferlið sem er aðalsmerkið í starfinu, rútinuna sem einkennir daginn, vikuna og starfsárið í heild. Að okkar mati skilar þetta sér í vellíðan barnanna. Þar við bætist áherslan á rólegt og náttúrulegt umhverfi, leikföng úr opnum efnivið og algjör fjarvera tölva og annarra truflandi raftækja sem er ákaflega kærkomið ástand fyrir börnin okkar. Heilsusamlegt mataræði er til fyrirmyndar.

Skógarferðirnar sem hafa verið farnar reglulega nú á vormisseri eru einstaklega vandaðar og vel að þeim staðið. Þessar ferðir hafa gert mikið fyrir börnin, þau upplifa ævintýri og koma heim með nýja reynslu í farteskinu og alls konar sögur. Útivera er í stóru hlutverki í starfi leikskólans og fyrir það erum við þakklát.

Upplýsingagjöf til foreldra er allajafna góð. Upplýsingasíðan á Facebook er mjög virk og það gleður okkur alltaf að fá að sjá myndir úr starfinu. Það er vissulega ókostur að starfsmannaveltan á leikskólanum hefur verið í meira lagi þennan veturinn en það er auðvitað ekki á færi stjórnenda leikskólans að leysa úr henni. Þessi tíðu skipti hafa aukið mjög álagið á starfsfólkið en við teljum að þau hafi staðist þetta álag.

Á heildina litið erum við ánægð með starfið og ákaflega þakklát fyrir elju og metnað starfsfólksins á Sólstöfum Marargötu.

Íris Ann Sigurðardóttir
Judith Amalía Jóhannsdóttir